

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 169/2024

2024/EES/76/21

frá 5. júlí 2024

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1795 frá 10. júlí 2023 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga samkvæmt Persónuverndarramma Evrópusambandsins og Bandaríkjanna ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽²⁾, var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 154/2018 ⁽³⁾. Í samræmi við aðlögunarákvæði e) við reglugerð (ESB) 2016/679 í lið 5e við XI. viðauka við EES-samninginn, hafa Ísland, Liechtenstein og Noregur beitt þeim ráðstöfunum sem eru í framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/254 á sama tíma og aðildarríki ESB.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5ew (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/915) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5ex. **32023 D 1795**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1795 frá 10. júlí 2023 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga samkvæmt Persónuverndarramma Evrópusambandsins og Bandaríkjanna (Stjtið. ESB L 231, 20.9.2023, bls. 118).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2023/1795, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(1) Stjtið. ESB L 231, 20.9.2023, bls. 118.

(2) Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 183, 19.7.2018, bls. 23 og EES-viðbætur nr. 46, 19.7.2018, bls.1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður